

## 6. gr.

Óheimilt er að nota byggðarmerki sveitarstjórnar, sem ráðuneytið hefur staðfest, nema með sérstöku leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Um notkun byggðarmerkis að öðru leyti skal fara eftir ákvörðun sveitarstjórnar, sbr. 1. gr.

## 7. gr.

Nú sameinast sveitarfélög, og falla þá úr gildi fyrri staðfestingar á byggðarmerkjum þeirra.

Þegar sameining á sér stað er heimilt að annað eða eitt merkjanna öðlist staðfestingu, hafi það verið samþykkt af hinni nýju sveitarstjórn.

## 8. gr.

Sveitarstjórn getur óskað eftir leiðbeiningum og ráðleggingum fastanefndar, sbr. 3. gr., um allt er varðar skjaldarmerkjafræðileg efni.

Reglur þessar um byggðarmerki, sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1992.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1992.

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 5 500,00 á árinu 1992. Gjaldið greiðist fyrir fram á gjalddaga 1. júní 1992. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

## 2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 2 200,00 í fyrsta skipti, kr. 4 000,00 í annað skipti og kr. 6 000,00 í þriðja skipti.

## 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*